



Borgarráð

Reykjavík, 12. ágúst 2024

MSS22020073

gbj

Endurnýjun á Samkomulagi um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði

Meðfylgjandi eru drög að endurnýjuðu samkomulagi um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði. Samkomulagið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Neyðarlínunnar 112, Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Samtaka reykvískra skemmtistaða (SRS), Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, embættis Ríkislögreglustjóra og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Verkefnið hófst árið 2016 og hefur samkomulagið verið endurskoðað á tveggja ára fresti. Markmið verkefnisins er að skemmtistaðir í Reykjavík séu ofbeldislausir og öruggir, fyrir alla gesti og starfsfólk.

Óskað er eftir að að borgarráð samþykki að endurnýja samkomulag um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði sem tekur gildi 24. ágúst n.k. og verður endurskoðað að tveim árum liðnum.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt: Samkomulag um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði.



Reykjavík

Samkomulag um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði

Reykjavíkurborg, Neyðarlínan 112, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Samtök reykvískra skemmtistaða (SRS), Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, embætti ríkislögreglustjóra og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vilja sameinast um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulag þetta miðar að því að bæta samskipti og samstarf milli hlutaðeigandi aðila til að ná fram því markmiði. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á verkefninu.

Forsendur:

Að forsvarsmenn, rekstraraðilar og starfsfólk skemmtistaða, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Samtök reykvískra skemmtistaða, Samtök ferðaþjónustunnar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Neyðarlínan 112, embætti ríkislögreglustjóra og Reykjavíkurborg líti á sig sem samstarfsaðila með sameiginlega hagsmuni að leiðarljósi.

Markmið:

Ofbeldislausir og öruggir skemmtistaðir í Reykjavík, fyrir alla gesti og starfsfólk. Með því er stefnt á að fyrirbyggja allt mögulegt ofbeldi á skemmtistöðum, en ofbeldi í hvaða mynd sem er, er ekki liðið, þ.m.t. kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni, vændi og mansal, sem og ofbeldi sem byggist t.d. á rasisma og öðrum fordómum eða hatri, svo sem í garð innflytjenda eða hinsegin fólks.

Stefna:

Til að ná þessu markmiði hefur eftirfarandi stefna verið ákveðin:

1. Stefna skemmtistaða (Aðgerðir)

- a) Að stuðla að góðum samskiptum við lögreglu í gegnum tengiliði sem lögregla tilgreinir.
- b) Að stuðla að góðum samskiptum við slökkviliðið í gegnum forvarnasvið SHS.
- c) Að eingöngu starfi dyraverðir sem lögreglustjóri hefur samþykkt. Veitingastaður í flokki III skal hafa að jafnaði tvo dyraverði sbr. 20. gr. reglugerðar 1277/2016. Lögreglustjóri getur gert frekari kröfur um fjölda dyravarða allt eftir umfangi og tegund starfseminnar, stærð staðar og/eða fjölda gesta.
- d) Að dyraverðir séu auðkenndir með sýnilegu upphandleggsarmbandi eða á annan fullnægjandi hátt og geti framvísað dyravarðaskírteini frá LRH.
- e) Að upplýsa starfsfólk sitt og dyraverði sem starfa fyrir staðinn um hvað felist í samkomulagi þess.
- f) Að hafa sýnilegt fyrir starfsfólki upplýsingaefni frá Reykjavíkurborg um ofbeldi og viðbrögð við því.
- g) Að dyraverðir og starfsmenn skemmtistaða séu upplýstir um ákvæði rekstrarleyfa um ábyrgð á nánasta umhverfi, s.s. almenna umhirðu og hreinsun borgarlands á meðan á skemmtunum stendur og að þeim loknum sem og hljóðmengun.
- h) Að lögregla verði kvödd til ef upp kemst um ofbeldisbrot, kynferðisbrot og sölu ólöglegra fíkniefna.
- i) Að dyraverðir og starfsmenn skemmtistaða séu upplýstir um lög og reglur er snúa að rekstri skemmtistaða og fylgi þeim. Hafa skal sérstaklega í huga -
 - i. að ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl á skemmtistað eftir kl. 22:00,
 - ii. að ungmennum yngri en 20 ára verði ekki veitt áfengi inni á skemmtistað,
 - iii. að reykingabann sé virt,
 - iv. að ákvæðum rekstrarleyfis um gestafjölda sé ávallt fylgt,
 - v. að ákvæðum rekstrarleyfis um heimilan afgreiðslutíma sé ávallt fylgt,
 - vi. að ákvæði um brunavarnir og flóttaleiðir séu virt,
 - vii. að allir dyraverðir og starfsmenn þekki rýmingaráætlun staðarins og viti sitt hlutverk í henni,
 - viii. að dyraverðir kanni stöðu öryggiskerfa við upphaf vakta.
- j) Að tryggja öryggi gesta með því -
 - i. að líða ekki ofbeldi og allar mögulegar birtingamyndir þess, þ.m.t. kynferðisbrot, kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni sem og annað áreitni og ofbeldi sem byggist t.d. á rasisma og öðrum fordómum eða hatri, svo sem í garð innflytjenda eða hinsegin fólks,
 - ii. að hafa markvisst, skipulagt og tímasett eftirlit með salernum m.a. til þess sporna við ofbeldisbrotum, kynferðisbrotum og sölu ólöglegra fíkniefna,
 - iii. að tryggja að dyr og læsingar að salernum séu með þeim hætti að dyraverðir og/eða starfsfólk geti opnað hurðir utan frá svo sporna megi við ofbeldis- og kynferðisbrotum,
 - iv. að salerni séu þannig útbúin að ekki sé hægt að komast yfir eða undir skilrúm þeirra en að auðvelt sé að sjá hvort og hversu margir eru þar svo sporna megi við ofbeldis- og kynferðisbrotum. Undanþágur frá þessari meginreglu eiga t.d. við í tilfellum þar sem staðir eru með ókyngreind salerni. Mikilvægt er að vöktun slíkra salerna sé þó tryggð með góðri lýsingu og eftirlitsmyndavélum fyrir framan salerni eða annars með vöktun dyravarða,
 - v. að vinna í samráði við viðbragðsaðila að ferli sem stuðlar að öryggi gesta og eftirfylgni ef grunur vaknar um byrlun. Jafnframt verði unnið að því í samráði við aðila samkomulagsins að auka þekkingu starfsfólks skemmtistaða á einkennum byrlunar,

- vi. að neyðarhandföng séu inni á salernum fyrir fatlað fólk og á þeim salernum þar sem ekki er hægt að sjá undir hurðir hversu margir séu á salerninu,
- vii. að armstoðir séu beggja vegna salernis á salernum fyrir fatlað fólk skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012,
- viii. að góð lýsing, að mati úttektaaðila, sé fyrir utan salerni séu þau stödd á afskekktum svæðum, t.d. í kjöllumurum,
- ix. að sjá um að rými ætluð gestum, nema salernin sjálf, séu útbúin öryggismyndavélum,
- x. að merkingar séu til staðar sem sýni að staðurinn sé vaktaður með öryggismyndavél, myndavélarnar vakti vinnusvæði dyravarða í og við inngang skemmtistaða,
- xi. að tryggja gott samstarf við lögreglu við afhendingu myndefnis og að myndefni sé skýrt og læsilegt,
- xii. að afgreiða ekki áfengi til þeirra sem sýnilega eru ölvaðir eða á annan hátt ekki til þess bærir að gæta að eigin öryggi,
- xiii. að hleypa ekki gestum inn á skemmtistað sem eru sýnilega undir miklum áhrifum áfengis/vímuefna og tryggja öryggi gesta á meðan þeir standa í röð fyrir utan,
- xiv. að tryggja að brunavarnir séu í lagi, s.s. brunaviðvörðunarkerfi, neyðarlýsing og að flóttaleiðir séu opnanlegar og greiðfærar,
- xv. að rýmingaráætlun sé virk, allir öll þekki sitt hlutverk, og að aðkoma slökkviliðs og upplýsingar til þess séu tryggðar, ef á þarf að halda,
- xvi. að þekking sé hjá dyravörðum og starfsfólki á því að hlúa að gestum við veikindi og slys,
- xvii. að leitast sé við að tryggja aðkomuleið sjúkrabifreiða eins og hægt er, ef til þess kemur,
- xviii. að sjúkraflutningamenn séu aðstoðaðir við störf sín, ekki síst svo þeir komist óárettir til sjúklingsins, geti sinnt honum og flutt út í sjúkrabifreið,
- xix. að skemmtistaðir séu merktir með húsnúmeri að utan til þess að flýta fyrir komu viðbragðsaðila á vettvang í neyðartilfellum.

2. Stefna Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (Aðgerðir)

- a) Að stuðla að góðum samskiptum við stjórnendur og starfsfólk skemmtistaða. Óformleg samskipti fara fram beint og milliliðalaust milli starfsmanna skemmtistaða og tengiliði lögreglu.
- b) Að vinna í samráði við aðra viðbragðsaðila og skemmtistaði að ferli sem stuðlar að öryggi gesta og eftirfylgni ef grunur vaknar um byrlun.
- c) Að farið verði í reglulegt eftirlit á hvern skemmtistað í miðborginni, þar af einu sinni með Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Að fara í úttektarheimsóknir á þá staði sem eru aðilar að samkomulaginu einu sinni á ári með fulltrúum Reykjavíkurborgar og Slökkviliðsins. Þá fer lögregla einnig í eftirlit með öðrum eftirlitsaðilum.
- d) Að kanna hvort starfsfólk og dyraverðir þekki til samkomulagsins um örugga og ofbeldislausu skemmtistaði.
- e) Að halda einu sinni á ári fund með forsvarsmönnum skemmtistaða og yfirdyravörðum ásamt starfsmanni Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis þar sem farið verður yfir ofbeldisbrot á skemmtistöðum s.l. 6 mánuði. Þennan fund er heimilt að sameina við samráðsfund á vegum Reykjavíkurborgar, sjá lið 4i.
- f) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu.
- g) Að virku eftirliti verði sinnt varðandi það að ungmenni undir 18 ára séu ekki inni á skemmtistöðum eftir kl. 22:00, líkt og kveðið er á um í lögum 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

3. Stefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (Aðgerðir)

- a) Að stuðla að góðum samskiptum við stjórnendur og starfsfólk skemmtistaða. Óformleg samskipti fara fram beint og milliliðalaust milli starfsmanna skemmtistaða og starfsmanna forvarnasviðs SHS.
- b) Að gefa út og staðfesta með upplýsingaskilti leyfilegan fjölda á skemmtistöðum.
- c) Að viðbragðstími slökkviliðs og sjúkrabifreiða verði að jafnaði ekki lengri en 10 mínútur á álagstímum skemmtistaða.
- d) Að stuðla að því að skemmtistaðir taki upp og sinni eigin eftirliti með eldvörnum á reglubundinn og skipulegan hátt. Noti „Brunavörðinn“, skoðunarapp SHS, og tryggi þannig sjálfir að mestu leyti að eldvarnir séu til staðar og í lagi.
- e) Að farið verði áfram í reglubundið eldvarnaeftirlit eins og verið hefur, en leitast við að skoða með lögreglunni þá staði sem þurfa meira eftirlits við en almennt gerist.
- f) Að fara í úttektarheimsóknir á þá staði sem eru aðilar að samkomulaginu að lágmarki einu sinni á ári með fulltrúum Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
- g) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu.

4. Stefna Reykjavíkurborgar (Aðgerðir)

- a) Að kynna verkefnið á opinberum vettvangi, t.d. með gerð fréttu og auglýsinga, sem og á heimasíðum á vegum Reykjavíkurborgar, t.d. reykjavik.is.
- b) Að stuðla að góðum samskiptum við lögreglu, slökkvilið og skemmtistaði. Reykjavíkurborg tilnefnir tengiliði frá þeim sviðum sem að málinu koma.
- c) Að setja upp og reka, í samvinnu við lögreglu, eftirlitsmyndavélar í miðborginni og tryggja góða lýsingu þar sem þörf krefur utandyra, eftir atvikum samkvæmt ábendingum lögreglu og/eða skemmtistaða.
- d) Að útbúa merkingar og upplýsingaefni í tengslum við samkomulagið.
- e) Að afhenda merki til skemmtistaða sem sýnir að þeir hafa staðist kröfur sem settar eru á forsendum þessa samnings. Staðir sem gangast undir samkomulagið fara í aðlögunarferli þar til þeir hafa staðist kröfur samkomulagsins.
- f) Að afhenda merkingar fyrir dyraverði skemmtistaða sbr. lið 1d, sem sýnir að staðirnir hafa staðist kröfur sem settar eru á forsendum þessa samnings.
- g) Að afhenda skemmtistöðum upplýsingaefni fyrir starfsfólk um ofbeldi og viðbrögð við því.
- h) Að bera ábyrgð á netfanginu oryggi@reykjavik.is og koma öllum ábendingum og fyrirspurnum í réttan farveg.
- i) Að halda árlegan fund teymisins með forsvarsmönnum skemmtistaða þar sem m.a. verður rætt um samstarfið, samninginn, dyravarðanámskeið, forvarnir og úrbætur. Þennan fund er heimilt að sameina við samráðsfund lögreglu, sjá lið 2 g.
- j) Að halda á 3-4 mánaða fresti samráðsfundi með teymi verkefnisins um framgang þess. Aðrir aðilar eru boðaðir á þessa fundi eftir þörfum og óskum hverju sinni.
- k) Að upplýsa mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð að lágmarki tvisvar sinnum á ári um framgang verkefnisins.
- l) Að skipuleggja úttektarheimsóknir á þá staði sem eru aðilar að samkomulaginu að lágmarki einu sinni á ári með fulltrúum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Slökkviliðsins
- m) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu

5. Stefna Neyðarlínunnar, 112

- a) Að viðhalda fræðslu- og upplýsingaefni fyrir dyraverði og starfsfólk skemmtistaða. Fræðslu- og upplýsingaefnið miði m.a. að því að starfsfólk, dyraverðir og viðskiptavinir skemmtistaða þekki helstu leiðir til að bregðast við og tilkynna um ofbeldi og/eða áreitni.

- b) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu

6. Stefna Samtaka ferðapjónustunnar

- a) Að koma upplýsingum um verkefnið til ferðamanna sem koma til landsins.
- b) Að vera fulltrúi rekstraraðila í SAF sem eru aðilar að samkomulaginu
- c) Að kynna verkefnið innan SAF og upplýsa um framgang þess
- d) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu

7. Stefna embættis ríkislögreglustjóra

- a) Að vinna að gerð upplýsinga- og fræðsluefnis fyrir viðskiptavini skemmtistaða, starfsfólk og dyraverði um viðbrögð við ofbeldi.
- b) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu.

8. Stefna Samtaka reykvískra skemmtistaða

- a) Að vera fulltrúi rekstraraðila í SRS sem eru aðilar að samkomulaginu.
- b) Að hvetja skemmtistaði í borginni til þátttöku í samkomulagi um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði
- c) Að sitja samráðsfundi um verkefnið með fulltrúum annarra aðila að samkomulaginu.

Annað

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Neyðarlínan 112, embætti ríkislögreglustjóra, Reykjavíkurborg, Samtök reykvískra skemmtistaða, Samtök ferðapjónustunnar og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins skuldbinda sig til að fylgja samkomulagi þessu eftir. Aðilar að samkomulaginu skulu skipa teymi sem fundar ársfjórðungslega í þeim tilgangi að meta árangur samstarfsins. Fulltrúi Reykjavíkurborgar boðar til þeirra funda. Teymið skal halda utan um samskipti og samstarf við einstaka skemmtistaði sem gerast aðilar að samkomulaginu með undirritun samstarfssamnings sem byggir á ofangreindum atriðum. Fulltrúar teymsins frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins skulu fara a.m.k. árlega í úttekt á þá skemmtistaði sem eru aðilar að samkomulaginu ásamt forsvarsmönnum hans og veiti eigi síðar en mánuði seinna umsögn.

Skemmtistöðum er heimilt að gerast aðilar að samkomulaginu um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði án þess að vera aðilar að SRS eða SAF. Gerð er grein fyrir fyrirkomulagi á slíkri aðild í samningi sem skemmtistaðir undirrita.

Brjótí skemmtistaður ítrekað á samkomulaginu eða fylgir ekki eftir ábendingum eftir úttekt teymisins, er teyminu heimilt að vísa honum úr samkomulaginu.

Samkomulagið tekur gildi 23. ágúst 2024 og verður endurskoðað að tveimur árum liðnum.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

F. h. Samtaka ferðaþjónustunnar

F.h. Neyðarlínunnar, 112

F. h. Samtaka reykvískra skemmtistaða

F.h. embættis ríkislögreglustjóra